

Alþingi
Erindi nr. P 141/1934
komudagur 13.3.2013

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

b/t utanríkismálanefndar

b/t efnahags- og viðskiptanefndar

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**

-Stöndum vörð um heimilin sem grunnstoð samfélagsins



www.heimilin.is - heimilin@heimilin.is

Frakkastígur 27, Húsnæði Tækniskólans, 101 Rvk

Reykjavík, 12. mars 2012

HH2012R3.1U566

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 566. mál, stjórnartillögu á 141. löggjafarþingi.

Um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2012 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn. Þskj. 956.

Tillaga sú sem hér í til umsagnar snýst um staðfestingu á því að fella inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/90/ESB, frá 14. nóvember 2011, um breytingu á II. hluta I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB. Hagsmunasamtök heimilanna setja sig því almennt ekki upp á móti lögfestingu viðkomandi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, en telja þó rétt að vekja athygli á því að nú þegar er til meðferðar Alþingis frumvarp til laga um neytendalán (220. mál) sem er einkum ætlað að innleiða í íslenskan rétt ákvæði umræddrar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB um lánasamninga fyrir neytendur. Til þess að rétt sé gætt að lögformlegri innleiðingu þeirrar breytingar sem hér er til umsagnar, væri að öllum líkindum réttast og skilmerkilegast að ekki yrði gengið endanlega til atkvæða um tillöguna fyrr en að lokinni afgreiðslu frumvarpsins og innleiðingu þeirrar tilskipunar sem breytingin á við um.

Efnislega felur tillagan í sér breytingar á tilteknum hluta viðauka við tilskipunina sem á einkum við um skilyrði sem gilda þegar um er að ræða lán með óreglulega eða breytilega lántöku og skilmála um afborganir eða þar sem lántakandi getur sjálfur hugsanlega að einhverju leyti ráðið því með hvaða hætti greitt er af láninu. Að mati samtakanna eiga slíkir skilmálar hér á landi einkum við um mjög afmarkaðar tegundir lánasamninga á borð við afborgunar- og/eða raðgreiðslusamninga, eða veltilán tengd greiðslukortaviðskiptum, en algengast er að fjárhæðir í slíkum samningum séu lægri en á til að mynda við um bílasamninga eða fasteignalán svo dæmi séu tekin. Að mati samtakanna yrðu áhrif af innleiðingunni takmörkuð hvað þetta varðar, en að öðru leyti virðast breytingarnar einkum til þess gerðar að skýra þau ákvæði sem þegar gilda um slík viðskipti og séu þar af leiðandi frekar en ekki til þess fallin að renna styrkari stoðum undir neytendavernd á fjármálamarkaði, sem varla virðist vera nein vanþörf á að gera.

Samtökin vilja að lokum benda á samantekt í meðfylgjandi fylgiskjali þar sem er að finna texta umrædds viðauka í heild sinni, bæði upphaflegan samkvæmt opinberri þýðingu og samkvæmt þeirri breytingu sem hér er lögð til, með áherslum á þær breytingar sem hún felur í sér. Með framangreindum fyrirvörum fallast samtökin almennt á tillögu þá sem hér er til umsagnar.

Virðingarfyllt,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna



Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

Fylgiskjal. Samanburður breytinga á II. hluta I. viðauka við tilskipun 2008/48/EB um neytendalán samkvæmt tilskipun 2011/90/ESB sbr. þingsályktunartillögu skv. þskj. 956 á 141. löggjafarþingi.

Upphaflegur texti skv. tilskipun 2008/48 á íslensku

Ath. sá texti sem breytist eða fellur út samkvæmt tilskipun 2011/90/ESB er skáletraður.

II. Viðbótarforsendur fyrir útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar

a) ef lánsamningur gerir neytanda kleift að nýta lánið að vild skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt þegar í stað og að fullu,

b) ef lánsamningur gefur kost á mismunandi nýtingarmöguleikum með mismunandi kostnaði eða útlánsvöxtum skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt með mesta kostnaði og útlánsvöxtum sem er beitt við algengasta nýtingarmöguleikann fyrir þessa tegund lánssamnings,

c) ef lánsamningur gerir neytanda almennt kleift að nýta lán að vild en setur, meðal mismunandi nýtingarmöguleika, takmarkanir að því er varðar fjárhæðina og tímabilið, skal litið svo á að lánsfjárhæðin sé nýtt á fyrsta degi sem kveðið er á um í samningnum og í samræmi við þessar takmarkanir á nýtingu,

d) ef ekki er til staðar föst tímaáætlun fyrir endurgreiðslu skal gert ráð fyrir því:

i. að lánið sé veitt til eins árs og

ii. að lánið verði endurgreitt með 12 jöfnum, mánaðarlegum afborgunum,

e) ef föst tímaáætlun fyrir endurgreiðslu er til staðar en fjárhæð endurgreiðslanna er sveigjanleg skal litið svo á að fjárhæð hverrar endurgreiðslu sé sú lægsta sem er tiltekin í samningnum,

f) ef fleiri en einn endurgreiðsludagur er tiltekinn í lánsamningnum skal afhenda lánið og inna af hendi endurgreiðslurnar á fyrsta degi sem tiltekinn er í samningnum, nema annað sé tekið fram,

g) ef ekki hefur ennþá verið samið um þak á lánið er gert ráð fyrir að það sé 1.500 evrur,

h) þegar um er að ræða yfirdráttarheimild skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt til fulls og á öllum gildistíma lánessamningsins. Ef gildistími lánessamningsins er ekki þekktur skal, við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, gera ráð fyrir að gildistími lánsins sé þrjú mánuðir,

i) ef mismunandi vextir og kostnaður eru í boði í takmarkaðan tíma eða vegna takmarkaðrar fjárhæðar skal litið svo á að vextimir og kostnaðurinn eigi að vera hæsta hlutfallstalan allan gildistíma lánessamningsins,

j) útreikningur á árlegri hlutfallstölu að því er varðar samninga um neytendalán, sem fastir útlánsvextir fyrir upphaflega tímabilið hafa verið samþykktir fyrir, en við lok þess eru nýir útlánsvextir ákvarðaðir og aðlagðir eftir það með reglulegu millibili samkvæmt umsömdum vísi, skal grundvallast á þeirri forsendu að við lok tímabils fastra útlánsvaxta séu útlánsvextir hinir sömu og þegar árleg hlutfallstala var reiknuð út á grundvelli gildis umsamins vísis á þeim tíma.

Nýr texti skv. tilskipun 2011/90/ESB á íslensku

Ath. Sá texti sem kemur í stað eða bætist við texta tilskipunar 2008/48 er feitletraður.

II. Viðbótarforsendur fyrir útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skulu vera sem hér segir:

a) Ef lánessamningur gerir neytanda kleift að nýta lánið að vild skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt þegar í stað og að fullu. [*Óbreytt frá upphaflegum texta.*]

b) Ef lánessamningur gerir neytanda almennt kleift að nýta lán að vild en setur, meðal mismunandi nýtingarmöguleika, takmarkanir að því er varðar lánsfjárhæðina og tímabilið, skal litið svo á að lánsfjárhæðin sé nýtt á fyrsta degi sem kveðið er á um í lánessamningnum og í samræmi við þessar takmarkanir á nýtingu. [*Samhljóða c) lið upphaflegs texta.*]

c) Ef lánessamningur gefur kost á mismunandi nýtingarmöguleikum með mismunandi kostnaði eða útlánsvöxtum skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt með mesta kostnaði og útlánsvöxtum sem er beitt við algengasta nýtingarmöguleikann fyrir þessa tegund lánessamnings. [*Samhljóða b) lið upphaflegs texta.*]

d) Þegar um er að ræða yfirdráttarheimild skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt til fulls og á öllum gildistíma lánessamningsins. Ef gildistími yfirdráttarheimildar er ekki þekktur skal, við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, gera ráð fyrir að gildistími lánsins sé þrjú mánuðir. [*Samhljóða h) lið upphaflegs texta.*]

e) Þegar um er að ræða opinn lánessamning sem ekki er yfirdráttarheimild skal gera ráð fyrir:

i. að lánið sé veitt til eins árs frá þeim degi sem það var fyrst nýtt og að með lokagreiðslu neytandans séu eftirstöðvar höfuðstóls, vextir og önnur gjöld, ef einhver eru, að fullu greidd,

ii. að neytandinn endurgreiði höfuðstól með jöfnum mánaðargreiðslum, sem hefjast einum mánuði eftir þann dag, sem lánið var fyrst nýtt. Þegar eingöngu skal endurgreiða höfuðstólinn að fullu í formi eingreiðslu á hverju greiðslutímabili, skal þó gera ráð fyrir að neytandinn nýti og endurgreiði í áföngum allan höfuðstólinn á eins árs tímabili. Nota skal vexti og önnur gjöld í samræmi við slíka nýtingu og endurgreiðslu höfuðstóls og eins og kveðið er á um í lánessamningnum.

Að því er varðar þetta atriði er opinn lánessamningur sá lánessamningur, sem ekki miðast við tiltekinn tíma og tekur til lána, sem eru endurgreiðanleg að fullu innan tiltekins tímabils eða að því loknu, og sem má nýta aftur þegar þau hafa verið endurgreidd.

f) Þegar um er að ræða lánessamninga aðra en yfirdráttarheimildir og opna lánessamninga sem um getur í forsendunum sem settar eru fram í d- og e-lið:

- i. ef ekki er unnt að ganga úr skugga um dagsetningu eða endurgreiðslu á höfuðstól sem neytandanum ber að inna af hendi skal gera ráð fyrir því að endurgreiðsla fari fram á fyrsta degi, sem kveðið er á um í lánsamningnum, og nemi lægstu fjárhæð sem kveðið er á um í honum,
- ii. ef lokadagsetning lánsamnings liggur ekki fyrir skal gera ráð fyrir að dagsetning fyrstu nýtingar sé sú dagsetning sem fengin er með stystum fresti milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar fyrstu greiðslu sem neytandi skal inna af hendi.
- g) Ef ekki er unnt að ganga úr skugga um dagsetningu eða fjárhæð greiðslu, sem neytandi skal inna af hendi, út frá lánsamningnum eða forsendunum, sem settar eru fram í d-, e- eða f-lið, skal gera ráð fyrir því að greiðsla sé innt af hendi í samræmi við dagsetningar og skilyrði, sem lánveitandi fer fram á, og þegar slíkt liggur ekki fyrir skal eftirfarandi gilda:
- i. vaxtakostnaður greiðist ásamt endurgreiðslum á höfuðstól,
- ii. gjald utan vaxta, sem sett er fram sem eingreiðsla, greiðist daginn sem lánsamningi lýkur,
- iii. gjöld önnur en vextir sem skiptast í margar greiðslur greiðast með reglulegu millibili og hefjast á degi fyrstu endurgreiðslu á höfuðstól og sé fjárhæð slíkra greiðslna ekki þekkt skal gera ráð fyrir því að um jafnar greiðslur sé að ræða,
- iv. með lokagreiðslu eru eftirstöðvar höfuðstóls greiddar að fullu, einnig önnur gjöld, ef einhver eru.
- h) Ef ekki hefur ennþá verið samið um þak á lánið er gert ráð fyrir að það sé 1 500 evrur. [*Samhljóða g) lið upphaflegs texta.*]
- i) Ef mismunandi lánsvextir og kostnaður eru í boði í takmarkaðan tíma eða vegna takmarkaðrar fjárhæðar skal litið svo á að lánsvextirnir og kostnaðurinn eigi að vera hæsta hlutfallstalan allan gildistíma lánsamningsins. [*Óbreytt frá upphaflegum texta.*]
- j) Útreikningur á árlegri hlutfallstölu að því er varðar samninga um neytendalán, sem fastir útlánsvextir fyrir upphaflega tímabilið hafa verið samþykktir fyrir, en við lok þess eru nýir útlánsvextir ákvarðaðir og aðlagðir eftir það með reglulegu millibili samkvæmt umsömdum vísi, skal grundvallast á þeirri forsendu að við lok tímabils fastra útlánsvaxta séu útlánsvextir hinir sömu og þegar árleg hlutfallstala var reiknuð út á grundvelli gildis umsamins vísis á þeim tíma. [*Óbreytt frá upphaflegum texta.*]
-